

Í vinnuhópnum áttu sæti: Kristján Sturluson frá Rauða krossi Íslands, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir frá Stúdentaráði HÍ, Ragnheiður Bóasdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir frá menntamálaráðuneyti, Jón Þorsteinn Sigurðsson frá Ungmennahreyfingu Rauða krossins en hann er jafnframt formaður Landssambands æskulýðsfélaga, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Geir Bjarnason frá Hafnarfjarðarbæ, Þorbjörn Jensson frá Fjölsmiðjunni í Kópavogi og Gísli Árni Eggertsson frá ÍTR. Leitað var eftir upplýsingum frá skólameisturum framhaldsskóla, aðildarfélögum Landssambands æskulýðsfélaga, æskulýðs-, tómsunda- og forvarnafulltrúum sveitarfélaga og samtökum námsmanna.

Þegar fjallað er um stöðu aldurshópsins 15 – 25 ára verður að undirstrika að staða einstaklinga á þessum aldri er mjög ólík. Svo fyrst sé horft til aldursins þá er staða fólks undir tvítugu (framhaldsskólaaldurinn) önnur en þeirra sem eldri eru. Yngri hópurinn býr að stærstum hluta í foreldrahúsum og er í ólánshæfu námi. Fram að 18 ára aldri er réttur ungs fólks til náms einnig ótvíræður. Í eldri hópnum er fólk oft á tíðum búð að stofna eigið heimili, komið með börn og ef það er í námi þá eru námslánin sú framfærsla sem það hefur.

Staða einstaklinga er líka ólík m.t.t. þátta eins og hvort viðkomandi stundi nám, atvinnu, sé atvinnulaus og fái atvinnuleysisbætur eða njóti framfærslustuðnings frá sveitarfélagi.

Sé hins vegar horft til stöðu meirihluta hópsins þá tengist umræðan mest námi og möguleikum ungs fólks til að stunda það og kemur það glöggft fram í þessu minnisblaði. Þar er framboð, fjölbreytni og gæði náms lykilatriði auk þess sem möguleikar til tekjuöflunar skipta höfuðmáli.

Kortlagning ástandsins

Afleiðingar kreppunnar á ungt fólk.

Upplýsingar sem vantar til að skýr mynd fáiast.

- Nauðsynlegt að horfa til lengri tíma, nokkur misseri í stað nokkurra vikna eða mánaða. Líklegt er að yfirstandandi önn í framhaldsskólanum líði án áfalla, frekar er verið að horfa til sumarsins varðandi vinnu (eða nám) og til haustsins.
- Verulega vantar upp á að yfirlit sé til staðar um hinar ýmsu aðgerðir sem gripið hefur verið til. Vitað er að mörg sveitarfélög hafa verið að bregðast við en kalla þarf eftir þeim upplýsingum inn á einn stað.
- Þeir sem standa höllum fæti nú þegar gætu lent í erfiðari málum en ella.
- Erfiðleikar nemenda í heimavist að standa straum af þeim kostnaði sem því fylgir.
- Atvinnuleysi í sumar og næstu sumur.
- Minni þátttaka í íþróttá- og æskulýðsstarfi.
- Meira uppburðarleysi, kvíði og vanmáttur.
- Fjarvistir hafa aukist og gætu aukist enn frekar.
- Minna sjálfstæði ungs fólks – verður upp á foreldra komið.
- Aukin áfengis- og vímuefnaneysla.
- Erfiðleikar iðnnema að komast á samning.
- Jöfnunarstyrkur er of lágur.
- Ungt fólk flýr land.
- Aukin hætta á sjálfsvígum.
- Ekki merkjanlegt aukið brottfall nema í einum af þeim skólum sem svöruðu og sá er heimavistaraskóli.

- Erfiðara að fá vinnu meðfram námi sem getur leitt til þess að fólk geti ekki stundað nám.
- Ungt fólk virðist missa fyrir vinnuna. 21% atvinnulausra í lok febrúar var á aldrinum 15 til 24 ára.
- Huga þarf sérstaklega að stöðu ungs fólks af erlendum uppruna.
- Námslán eru lægri en sú upphæð sem ætluð er til lágmarksframfærslu (gert er ráð fyrir sumarvinnu sem hugsanlega er ekki til).
- Kalla þarf eftir tölulegum upplýsingum frá atvinnuleysistryggingasjóði um hópinn 18-25 ára, hversu stór er hann, hvernig er búsetu háttað, hvar á landinu er hann og hvernig er kynjaskiptingin?

Hvað hefur þegar verið gert til að koma í veg fyrir alvarlegar/varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins

- Félagslíf við skólana hefur verið eftt og kostnaði haldið í lágmarki.
- Tekið á málum nemenda sem eiga við geðræn vandamál að etja.
- Aukinn sveigjanleiki í greiðslum vegna mótuneytis í heimavistarskóla.
- Fleiri nemendur hafa verið teknir inn í skólana.
- Aukin áhersla á námsefni á neti, til að draga úr bókakostnaði.
- Efnisgjöldum haldið í lágmarki og sveigjanleiki aukinn við greiðslur ýmissa gjalda.
- Nemendum leiðbeint um fjárhagsaðstoð.
- Samstarf skóla og sveitarfélaga hefur verið eftt – velferðarvakt.
- Betur haldið utan um nemendur af hálfu umsjónarkennara.
- Nemendur hvattir til að hafa samband við skólayfirvöld, kennara, skólalækni/skólahjúkrunarfræðing og námsráðgjafa ef þeir standa í ströngu.
- Nemendum er boðið upp á hafragraut á morgnana án endurgjalds.
- Í álitni frá Landssambandi æskulýðsfélaga segir: „Við sjáum engin afgerandi dæmi þess að stjórnvöld hafi gripið til aðgerða sem snúa sérstaklega að ungu fólki“.
- Flest stærri sveitarfélög hafa stofnað þverfagleg teymi sem miðla upplýsingum um stöðu mála og tryggja að brugðist sé við sé þess þörf. Horft er sérstaklega til barna og ungs fólks.
- Rannsókn og greining vinnur að úttekt á stöðu þess hóps sem hvorki er í skóla né úti á vinnumarkaðnum.

Tillögur til útbóta

- Taka við öllum nemendum sem sækja um skólavist.
- Ekki skera niður fjármagn til menntastofnana.
- Bjóða upp á sumarönn í framhaldsskólum.
- Efla félagslíf í skólunum.
- Auka geðræna og læknisfræðilega aðstoð.
- Auka námsráðgjöf í skólum.
- Auka forvarnastarf í skólum.
- Auka samstarf við stofnanir og félagasamtök (utan skólans) og styðja við störf ungs fólks á þeim vettvangi.
- Auka kennslu í stjórnun eigin fjármála nemenda og fræðslu um efnahagslífið.
- Setja upp námsver í skólum til að aðstoða nemendur í námi.
- Styðja sérstaklega við innflytjendur.
- Auka framboð á tómskundastarfi.
- Sjá til þess að allir nemendur hafi aðgang að fartölvu og interneti í skólastarfi.
- Fjölga atvinnutækifærum með átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga.
- Bjóða upp á atvinnuleysisbætur með námi eða námslán.
- Skipuleggja kennslu í grunnatriðum siðfræði ásamt tengingu inn í alla áfanga skólans.
- Standa vörð um jöfnunarstyrkinn en þó mætti hugsa sér að árangurstengja hann.
- Draga úr kostnaði nemenda við skólagöngu, s.s. vegna námsgagna, samgangna, heimavistar og mótuneyta.
- Endurskoða reglur sveitarfélaga um framfærslu þannig að gerð verði krafa um ákveðna virkni þeirra sem fá stuðning vegna framfærslu. Stýra þarf þessum hópi inn í jákvæðan og uppbyggilegan farveg t.d. í starfi með félagasamtökum.
- Búa til verkefni sem snúa að virkni.
- Mikilvægt að fjölgun nemenda komi ekki niður á gæðum námsins.
- Taka þarf á hækkanði húsaleigu (vegna vísitölubindingar) á stúdentagörðum.
- Koma á sumarönnum í þeim háskólum sem ekki hafa þær t.d. ágústpróf í HÍ.
- Hækka námslán og greiða þau út mánaðarlega.
- Hækka húsaleigubætur.
- Verkalýðshreyfing og símenntunarstöðvar, ásamt framhaldsskólum, starfi saman að málefnum atvinnulauss ungs fólk um hvernig auka má kunnáttu og bæta nám þeirra t.d. með því að koma upp styttri námsbrautum, tómsundaúrræðum og viðurkenningu á námi sem stundað er t.d. í símenntunarstöðvunum.
- Boðið verði upp á fjölbreyttara nám fyrir ungt fólk en er í dag; lýðháskóli, starfstengt nám o.fl. sem hentar þeim sem verr gengur að fóta sig í framhaldsskólunum í dag.
- Mikilvægt að gefa öllum unglingum kost á að stunda íþróttir óháð efnahag.
- Betri tengingu vantar milli hópa s.s. ríkis og sveitarfélaga og ólíkra stofnana og samtaka.
- Ákvarðanavald þarf að vera skýrt í málefnum hópans.
- Draga þarf lærdóm af og nýta þau úrræði sem gripið var til í síðustu niðursveiflu á árunum 1991-93.